

Það sem helst mælir gegn því að draga umsóknina til baka er tvennt.

Í fyrsta lagi marg lofuðu báðir stjórnarflokkar fyrir kosningar að slíkt yrði ekki gert, nema að höfðu samráði við kjósendur. Núverandi stjórn hefur með öðrum orðum ekki óskað eftir, eða fengið umboð frá kjósendum til að til að fara út í svona aðgerð. Þvert á móti fóru þeir báðir fram á og fengu, umboð til að hægja á þessum viðræðum, vegna óvissu og láta síðan greiða atkvæði um framhaldið. Ég er einn af þeim kjósendum, sem gat fellt mig við að málinu yrði frestað um 4 ár, en get ekki fellt mig við að viðræðum verði hætt. Ég hefði ekki kosið annan stjórnarflokkana, ef þessu hefði verið öðru vísi farið. Viðræður af þessu tagi, taka gjarnan 8-12 ár. Það er ekkert nýtt. Upplýsingar utanríkisráðherra um að ekki sé hægt að setja málið á frost, eru ekki byggðar á staðreyndum, sbr Malta og fleiri ríki. Þvert á móti er það algengt að þær séu á frosti í nokkur ár.

Í öðru lagi er þetta þjóðhagslega óhagkvæmt. Það eru engar líkur á að þessi aðgerð sé hagkvæm fyrir þjóðina. Þvert á móti er nær algjör vissa fyrir hagkvæmni þess að ganga í ESB. Við höfum gengið í gegnum svona umræður tvisvar áður. Bæði þegar við gengum í EFTA og samningurinn um Evrópska Efnahagssvæðið. Í báðum tilvikum voru stórir þrýstihópar á móti og í báðum tilvikum orsökuðu samningar, þetta 10-15% hagvöxt umfram það sem annars hefði orðið. Líklegt er að ávinningurinn verði ekki minni núna. Þegar teki er tillit til vinnutíma, aldursskiptingar og atvinnuþáttöku, erum við með þeim lakari í lífskjörum í Evrópu. Langt fyrir neðan félagar okkar í N-Evrópu hluta ESB.

Kveðja

Guðmundur R. Guðmundsson

kt. 110156-3409

BS í Viðskiptafræði og BS í Tölvunarfræði.